

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/71/EB

2002/EES/16/04

frá 7. nóvember 2000

um að laga mæliaðferðirnar, sem mælt er fyrir um í I., II., III. og IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB, að tækniframförum eins og kveðið er á um í 10. gr. þeirrar tilskipunar(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísil-eldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EB ⁽¹⁾, einkum 10. gr.,

Hér með er I. til IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB breytt í samræmi við I. til IV. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 98/70/EB eru settar umhverfisstærðir fyrir blýlaust bensín og dísileldsneyti. Í I. til IV. viðauka við þá tilskipun eru tilgreindar þær prófunaraðferðir, sem skal nota til þess að ákvarða gæði bensíns og dísileldsneytis með tilliti til þessara umhverfisstærðir, ásamt dagsetningum þegar þessar aðferðir verða birtar.
- 2) Í Evrópustaðli 228 eru einnig settar gæðaforskriftir fyrir bensín og í Evrópustaðli 590 fyrir dísileldsneyti til þess að tryggja góðan árangur af notkun þessara vara. Staðlasamtök Evrópu uppfærðu nýlega þessa staðla og samþykktu þá 29. október 1999 og prófunaraðferðirnar fyrir sumar gæðafæribreyturnar, sem eru einnig hluti af umhverfisstærðunum í I. til IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB, hafa einnig verið uppfærðar eða þeim hefur verið breytt í samræmi við tækniframfarir. Prófunaraðferðirnar í I. til IV. viðauka skulu samræmast aðferðunum í Evrópustöðlum 228 og 590 til að auðvelda framkvæmd tilskipunarinnar og til að tryggja að hún verði löguð að tækniframförum.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sett var á laggirnar í samræmi við 10. gr., meðal annars til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að laga tilskipun 98/70/EB að tækniframförum.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. 287, 14.11.2000, bls. 46, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 4.

(¹) Stj. 350, 28.12.1998, bls. 58.

I. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ RAFKVEIKJUHREYFLI

Tegund: **Bensín**

Færibreyta	Eining	Mörk ⁽¹⁾		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Prófunaroktantala		95	—	EN 25164	1993
Hreyfilsoktantala		85	—	EB 25163	1993
Gufuþrýstingur, að sumri ⁽²⁾	kPa	—	60,0	prEN-13016-1 (DVPE)	1997
Eiming			—	prEN-ISO 3405	1998
— uppgufun við 100 °C	% v/v	46,0			
— uppgufun við 150 °C	% v/v	75,0	—		
Vetniskolefnisgreining:	% v/v				
— ólefín ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		—	18,0 ⁽⁶⁾	ASTM D1319	1995
— arómatísk efni ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		—	42,0	ASTM D1319	1995
— bensen ⁽⁷⁾		—	1,0	EN 12177 EN 238	1998 1996
Súrefnisinnihald ⁽⁸⁾	% m/m	—	2,7	EN 1601 prEN 13132	1997 1998
Súrefnissambönd ⁽⁹⁾				EN 1601 prEN 13132	1997 1998
— Metanól, bæta þarf við stöðgurum	% v/v	—	3		
— Etanól, stöðgarar eru ef til vill nauðsynlegir	% v/v	—	5		
— Ísóprópýlalkóhól	% v/v	—	10		
— Tert-bútýlalkóhól	% v/v	—	7		
— Ísóbutýlalkóhól	% v/v	—	10		
— Etrar með 5 eða fleiri kolefnisfrumeindir í hverri sameind	% v/v	—	15		
Önnur súrefnissambönd ⁽⁹⁾	% v/v	—	10		
Brennisteinsinnihald ⁽¹⁰⁾	mg/kg	—	150	EN ISO 14596 EN ISO 8754 EN 24260	1998 1995 1994
Blyinnihald	g/l	—	0,005	EN 237	1996

⁽¹⁾ Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanturðarmákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽²⁾ Sumartímabilið skal hefjast eigi síðar en 1. maí og eigi ljúka fyrr en 30. september. Í aðildarríkjum, þar sem heimskautaloftslag ríkir, skal sumartímabilið hefjast eigi síðar en 1. júní og eigi ljúka fyrr en 31. ágúst og gufuþrýstingurinn skal takmarkast við 70 kPa.

⁽³⁾ Magn súrefnissambanda skal ákvarðað til að unnt sé að koma við leiðréttingum samkvæmt ákvæði 13.2 í ASTM D 1319:1995.

⁽⁴⁾ Þegar etýltertbutýletri er í sýninu skal ákvarða arómatíska svæðið út frá bleikbrúna hringnum sem er neðan við rauða hringinn sem venjulega er stuðst við þegar etýltertbutýletri er ekki í sýninu. Unnt er að ákvarða hvort etýltertbutýletri er í sýninu með greiningunni sem lýst er í 3. neðanmálsgrein.

⁽⁵⁾ Í þessu skyni er notaður staðallinn ASTM D 1319:1995 án valfrjálsa þrapsins þar sem pentansvipting fer fram. Af þeim sökum gilda ekki ákvæði 6.1, 10.1 og 14.1.1.

⁽⁶⁾ Að undanskildu venjulegu blýlausu bensíni (hreyfilsoktantala að lágmarki 81 og prófunaroktantala að lágmarki 91) þar sem ólefmagnnið er að hámarki 21% miðað við rúmmál. Þessi mörk skulu ekki koma í veg fyrir að annars konar blýlaust bensín með lægri oktantólu en sett er fram í þessum viðauka sé innleitt á markað í aðildarríki.

⁽⁷⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN 12177:1998.

⁽⁸⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN 1601:1997.

⁽⁹⁾ Önnur eingild alkóhól með lokaeimingarmark ekki hærra en lokaeimingarmarkið sem mælt er fyrir um í innlendum forskriftum eða, þar sem þær eru ekki til, í iðnaðarforskriftum fyrir vélaeldsneyti.

⁽¹⁰⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN ISO 14596:1998.

II. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MED ÞJÖPPUNARKVEIKJUHYEYFLI

Tegund: Dísileldsneyti

Færibreyta	Eining	Mörk ⁽¹⁾		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Setantala		51,0	—	EN ISO 5165	1998
Eðlismassi við 15 °C ⁽²⁾	kg/m ³	—	845	EN ISO 3675 EB ISO 12185	1998 1996
Eiming:					
— 95% mark	°C	—	360	prEN-ISO 3405	1998
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni ⁽³⁾	% m/m	—	11	IP 391	1995
Brennisteinsinnihald ⁽⁴⁾	mg/kg	—	350	EN ISO 14596 EN ISO 8754 EN 24260	1998 1995 1994

⁽¹⁾ Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarmákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽²⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN ISO 3675:1998.

⁽³⁾ Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni eru skilgreind sem heildarmagn arómatískra vetniskolefna að frádregnu magni einarómatískra vetniskolefna, magnið í báðum tilvikum ákvarðað samkvæmt IP 391.

⁽⁴⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN ISO 14596:1998.

III. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ RAFKVEIKJUHREYFLI

Tegund: Bensín

Færibreyta	Eining	Mörk ⁽¹⁾		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Prófunaroktantala		95		EN 25164	1993
Hreyfilsoktantala		85		EN 25163	1993
Gufuþrýstingur, að sumri	kPa	—		prEN 13016-1 (DVPE)	1997
Eiming	% v/v			prEN ISO 3405	1988
— uppgufun við 100 °C		—	—		
— uppgufun við 150 °C		—	—		
Vetniskolefnisgreining:					
— ólefin ⁽²⁾ ⁽³⁾ ⁽⁴⁾	% v/v	—		ASTM D1319	1995
— arómatísk efni ⁽²⁾ ⁽³⁾ ⁽⁴⁾	% v/v	—	35,0	ASTM D1319	1995
— bensen ⁽⁵⁾	% v/v	—		EN 12177	1995
				EN 238	1996
Súrefnisinnihald ⁽⁶⁾	% m/m	—		EN 1601	1997
				prEN ISO 13132	1998
Brennisteinsinnihald ⁽⁷⁾	mg/kg		50	prEN ISO/14596	1998
		—		EN ISO 8754	1995
				EN 24260	1994
Blyinnihald	g/l	—		EN 237	1996

⁽¹⁾ Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽²⁾ Magn súrefnissambanda skal ákvarðað til að unnt sé að koma við leiðréttingum samkvæmt ákvæði 13.2 í ASTM D 1319:1995.

⁽³⁾ Þegar etýltertbútýletri er í sýninu skal ákvarða arómatíska svæðið út frá bleikbrúna hringnum sem er neðan við rauða hringinn sem venjulega er stuðst við þegar etýltertbútýletri er ekki í sýninu. Unnt er að ákvarða hvort etýltertbútýletri er í sýninu með greiningunni sem lýst er í 2. neðanmálgrein.

⁽⁴⁾ Í þessu skyni er notaður staðallinn ASTM D 1319:1995 án valfrjálsa þrepsins þar sem pentansvipting fer fram. Af þeim sökum gilda ekki ákvæði 6.1, 10.1 og 14.1.

⁽⁵⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN 12177:1998.

⁽⁶⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN 1601:1997.

⁽⁷⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN ISO 14596:1998.

IV. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR ELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MED
ÞJÖPPUNARKVEIKJUHREYFLI

Tegund: Dísileldsneyti

Færibreyta	Eining	Mörk ⁽¹⁾		Prófun	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Birting
Setantala			—	EN ISO 5165	1998
Eðlismassi við 15 °C ⁽²⁾	kg/m ³		—	EN ISO 3675 EN ISO 12185	1998 1996
Eiming:					
— 95% mark	°C	—		prEN ISO 3405	1998
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni ⁽³⁾	% m/m	—		IP 391	1995
Brennisteinsinnihald ⁽⁴⁾	mg/kg	—	50	EN ISO 14596 EN ISO 8754 EN 24260	1998 1995 1994

⁽¹⁾ Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „*Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test*“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

⁽²⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN ISO 3675:1998.

⁽³⁾ Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni eru skilgreind sem heildarmagn arómatískra vetniskolefna að frádregnu magni einarómatískra vetniskolefna, magnið í báðum tilvikum ákvarðað samkvæmt IP 391.

⁽⁴⁾ Komi ágreiningur upp skal nota EN ISO 14596:1998.